

Tillaga A 1931/PRE
Flytjandi Norræn vinstri græn
Afgreiðsla Forsætisnefnd

Þingmannatillaga um norrænan stuðning við enduruppbyggingu Úkraínu

Norræn vinstri græn leggja til að Norðurlandaráð beini tilmælum til norrænu ríkisstjórnanna um

að koma á upplýsingaskiptum og þróa fyrirliggjandi samstarfsverkefni milli Norðurlanda og Úkraínu í tengslum við þróun opinberra stjórnsýslu, menntunar og innviða,

að vinna að því að tryggja bæði norræna og evrópska fjármögnun fyrir enduruppbyggingu Úkraínu, og

að styðja vinnu í Úkraínu gegn spillingu og með lýðræðislegri stjórnun opinbers fjármagns.

Bakgrunnur

Ólögleg innrás Rússlands inn í hið fullvalda ríki Úkraínu hefur bæði kostað ótal mannlíf og sett milljónir manna á flóttu. Auk hörmulegs mannsfalls hefur stríðið einnig haft skelfilegar afleiðingar í för með sér fyrir opinbera stjórnsýslu og innviði í Úkraínu. Heimili, skólar, vegi, hafnir, rafmagnskerfi, skolphreinsunarkerfi og iðnaðarmannvirki hafa eyðilagst.

Enduruppbygging samfélagsins í Úkraínu verður risavaxið verkefni sem mun teygja sig yfir minnst áratug, en enduruppbyggingar er þörf á stórum landsvæðum utan stríðssvæðanna. Vegna drægis rússneskra flughersins og langdrægra skotvopna hefur vart nokkur borg sloppið undan verulegum skemmdum. UNEP-umhverfisáætlun Sameinuðu þjóðanna hefur skýrt frá jarðmengun vegna mikillar notkunar öflugra sprengivopna og jarðsprengna. Einnig hafa sést merki um að rússneskar hersveitir hafi meðvitað brennt hveitiakra og skemmt landbúnaðarjarðir í Úkraínu. Þegar haustönn skólaársins hófst í september gátu aðeins 3.500 af 13.000 skólum landsins opnar dyr sínar fyrir nemendum.

Áætlað er að fjárlaghalli Úkraínu verði 38 milljarðar evra árið 2023. Gert er ráð fyrir því að hallinn verði fjármagnaður af Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, Bandaríkjunum og Evrópusambandinu. Alþjóðlega fjármögnunin felur í sér að Norðurlönd taka virkan þátt í



enduruppbyggingu Úkraínu og vinna um leið saman og samræma aðgerðir sínar til að bæta aðgang almennings í Úkraínu að skólum, heimilum og innviðum.

Norðurlöndin áttu þegar í samstarfi við Úkraínu áður en stríðið hófst. ESB og finnska utanríkisráðuneytið hafa til dæmis stutt verkefnið Learning Together til að mennta úkraínska kennara og þróa námsefni. Norræn samræming á fyrri samstarfsverkefnum með Úkraínu og þróun á bestu venjum gefa kost á skilvirkari og hraðari aðgerðum sem minnka um leið óþarfa tvítekna vinnu.

Almenningur og samfélagið í Úkraínu hefur lengi barist gegn spillingu og fámennisstjórn þar í landi. Þegar fjárhagsaðstoðin er samþykkt og samstarfsverkefni hafin er mikilvægt að tryggja að þau nýtist í raun og veru almenningi í Úkraínu. Auk þess að styðja við efnislega enduruppbyggingu Úkraínu verða Norðurlönd að stuðla að því að vinnan gegn spillingu og með lýðræðislegri stjórnun og gagnsæi haldi einnig áfram á stríðstímum.

Reykjavík, 6. september 2022

Christian Juhl (Ø)
Freddy André Øvstegård (SV)
Kathy Lie (SV)
Mariane Paviasen (IA)

Orri Páll Jóhannsson (VG)
Tobias Drevland Lund (R)
Veronika Honkasalo (VF)